

Umsögn um fornleifaskráningu fyrir lagningu raflína í landi Hafnarfjarðar

Landsnet h.f. sótti þann 07.05.14 um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu frá Hamranesvirki að bæjarmörkum við Sveitarfélagið Voga. Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar vísaði erindinu til umsagnar Byggðasafns Hafnarfjarðar og Minjastofnunar Íslands. Þegar umsagnir hafa borist vísast erindið til Skipulags- og byggingarráðs.

Bjarni F Einarsson Fornleifafræðistofunni skráði alla línuleiðina frá Hellisheiði til Reykjanes, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Ölkelduhálsi að Helgúvík í Reykjanesbæ, 2009.*

Í samþykkt Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á aðalskipulagi fyrir línurnar 27.10.2010 var gerður eftirfarandi fyrirvari: „Sá fyrirvari er gerður um nákvæma legu línustæða að þeim verði hnikað til ef áður óþekktar fornminjar eða náttúruminjar koma í ljós við nánari athugun Hafnarfjarðarbæjar.“

Undirrituð fór í vettvangsskoðun ásamt leiðsögumanni Jónatan Garðassyni, sem er staðkunnugur, og var austari helmingur leiðarinnar skoðaður. Ekki gafst tækifæri til að ljúka yfirferðinni, og fékk Landsnet því Bjarna Einarsson Fornleifafræðistofunni til að ljúka verkinu. Viðbótarskýrsla Fornleifastofunnar er *Fornleifaskráning vegna Suðvesturlínu í hraununum sunnan við álverið í Straumsvík, 2014.*

Eftirfarandi er umsögn Byggðasafns Hafnarfjarðar um báðar skýrslurnar með tilvísun í álit Jónatans á skýrslum Fornleifafræðistofunnar. Þar kom eftirfarandi fram:

Ekki er notast við örnefnaskrár, ekki vitað hvað staðirnir heita og ekki lögð áhersla á það sem heimamenn (gömlu mennirnir sem voru heimildarmenn við örnefnaskráninguna) segja og halda fram. Full ástæða er til að skoða allt svæðið nánar. Þar sem við náðum ekki að ganga frá Öttarsstaðaselstíg og út að landamerkjum Hafnarfjarðar og Hvassahrauns í okkar skoðun, þarf líklega að gera það til að tryggja að allt hafi verið rannsakað. Réttilega er t.d. bent á að það eru nokkrir fornir stígar og þjóðleiðir á svæðinu sem línuvegurinn mun skera í sundur, en þá þarf að hnitsetja nákvæmlega. Gera ber athugasemd við að snjór var yfir öllu og snjómgugga á meðan fyrri rannsókn Fornleifastofunnar var gerð. Varðandi einstaka þætti úr skýrslum Fornleifafræðistofunnar er þetta að segja:

Leggja ber meiri áherslu á Straumssel, sem er einn merkilegasti fornminjastaðurinn í Almennungi. Þar mun línan og línuvegurinn fara nánast alveg við vegghleðslur sem afmarka Straumssel. Skýrsluhöfundur taldi í samtali að Straumssel væri ekki í neinni hættu. Ljóst er þó að Straumssel er það sel sem er í mestri hætti. Þar í kring eru minjar sem ekki eru skrásettar.

Straumsel var á sínum tíma ekki bara sel heldur lögbýli frá 1849 þegar Guðmundur Guðmundsson sem var konungsskipaður umsjónarmaður skógarhöggs settist þar að. Búið var í Straumsseli fram undir aldamótin 1900 þegar bæjarhúsin brunnu. Straumssel er með stærri seljum í Hraunum. Þar var ágætis húsakostur fyrir aldamótin 1900 eins og tóftirnar bera með sér. Guðmundur Guðmundsson sem keypti jörðina af Páli Árnasyni setti byggð í Straumsseli 1849, en hafði þá búið þar í tvö ár. Fyrsta árið bjó hann í selinu ásamt föður sínum, Guðmundi Bjarnasyni, sem var oft nefndur Krýsuvíkur-Gvendur. Þeir bjuggu stutt í selinu því Guðmundur Bjarnason andaðsti aldrafur maður í Lambhaga vorið 1848 og Guðmundur sonur hans nokkrum árum seinna á Setbergi. Guðmundur Guðmundsson var settur skógarvörður í Almennungi og taldi auðveldast að sinna starfi sínu frá Straumsseli. Bjarni Einarsson leiguliði Guðmundar og ábúandi í Straumi klagði búsetuna í selinu til yfirvalda þar sem honum þótti það skerðing á fornur rétti sínum. Guðmundur lofaði að fjölga ekki býlum í Straumslandi á meðan Bjarni byggi þar. Bjarni gekkst við sáttinni að því tilskildu að bygging hins gamla

Straumssels væri sér með öllu óviðkomandi skyldu yfirvöld kæra. Byggt var vandað bæjarhús og var föst búseta í Straumsseli í ein 40 ár með hléum enda vatnsstæði lélegt og erfið búsetuskilyrði. Meðal ábúenda í selinu voru hjónin Kolfinna Jónsdóttir og Sigurður Halldórsson sem bjuggu þar 1850-1860, er þau fluttu þau inn í Hafnarfjörð. Þessi hjón bjuggu síðan í Kolfinnubær sem stóð þar sem Strandgata 41 er nú. Farnaðist þeim vel á þeim áratug sem þau bjuggu í Straumsseli þó kjörin hefðu verið kröpp. Sonur þeirra Bjarni fæddist í Straumsseli árið 1857. Talið er að síðast hafi verið búið í selinu 1890-1895. Jón Þorsteinsson bjó þar síðastur allra, en hann fórst þegar bærinn brann og eftir það var ekki byggt upp aftur í Straumsseli.

Í skýrslunni kemur fram að á einum stað þar skoðuð voru hugsanleg landamerki Ölfuss og Seltjarnarneshreppsins gamla, er varðan talin vera mjög merkileg, ef hún telst vera landamerkjavarða. Á Skorási er landamerkjavarða milli Hafnarfjarðar og Hvassahrauns, sem er þá líka merkjavarða á milli sveitarfélaganna Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandar. Sú varða er hins vegar ekki talin merkileg í rannsókninni, að hún hafi ekki mikið verndargildi og ennfremur að hún hafi hugsanlega verið endurhlaðin. Þessi varðar er merkt nr. 320.

Telja ber að vörður hafi almennt meira minjagildi en talið er í rannsókninni, og sama gildir um hlaðna garða við selin. Víða eru sagt að viðkomandi varða sé illa hlaðin, sennilega endurhlaðin eða nýleg varða. Um þetta má segja að ekki er hægt að bera saman þjóðleiðavörðurnar sem voru gerðar samkvæmt konungsskipun á seinni hluta 19. aldar og eru mjög vandaðar og nokkuð svipaðar að gerð. Þessar vörður voru lögvörður og áttu að hafa ákveðið útlit og standa lengi. Vörðurnar í Almennungi eru af nokkrum tegundum og auðþekkjanlegar. Þær eru aldrei mjög vandaðar og alls ekki í líkingu við þjóðleiðavörðurnar. Lesa má úr vörðunum hvaða merkingu þær höfðu. Búlduleit varða sem er eins og heysáta, lítil eða stór, vísar nánast alltaf á fjárhelli, skúta eða fyrirhlaðið skjól. Uppmjóar vörður vísa á sel, eða staði þar sem hrís (eldiviður) var geymt. Lágur vörður sem eru bara nokkrir steinar vísa á innansveitar leiðir, t.d. leiðirnar í selin, í stekkina, réttirnar eða eitthvað ámóta. Á nokkrum stöðum eru völdugri vörður, eins og við Straumsselsstíginn, en sá stígur var á sínum tíma þjóðleið. Landamerkjavörðurnar milli Hraunajarðanna eru oft með uppmjóum steini í toppinn eða einum stórum steini sem er miklu stærri en hinir sem mynda grunninn. Svo eru hleðslur sem líta út eins og vörður en eru í rauninni skotbyrgi sem notuð voru þegar legið var fyrir ref, því hann ógnaði mjög sauðfénu sem var á útibeit allt árið.

Í rannsókninni er talið að Stekkurinn, sem er ferhyrningslagað jarðfall sé ekki merkilegur þar sem um náttúrulega jarðmyndun sé að ræða. Einnig er talið að smávörður, tví- og þrísteinar vörður sem heimamenn í Hraunum hlóðu með reglulegu millibili til að vísa á leiðir til og frá seli, séu ekki gamlar. Þetta eru þó a.m.k. 50 ára gamlar hleðslur, því á þeim tíma voru þessar smávörður mosavaxnar.

Lýkur hér tilvísun í Jónatan Garðarsson.

Taka ber fram að umsögnin nær aðeins til þess hluta línulagnarinnar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir að þessu sinni. Hún nær því ekki til svæðisins ofan við Krýsuvíkurvegin í áttina að Undirhlíðum og ofan Helgafells, en þar hefur Fornleifafræðistofan mestar áhyggjur af Gvendarseli og stekk sem þar er og þjóðleiðinni sem heitir Dalaleið.

22.07.2014

Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA

Byggðasafni Hafnarfjarðar